

Námsáætlun

- 5 ára bekkur -

Í lögum um leikskóla segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi, þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta” (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Í Leiðarljós skólstarfsins í 5 ára bekk er *barnið í forgrunni*. Í samstarfi við foreldra er kappkostað að efla alhliða þroska barnanna, veita þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öruggi þeirra og vellíðan.

Meginmarkmið

- ✓ Að stuðla að vellíðan barnsins í skólanum þannig að það öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur samastaður í leik og starfi.
- ✓ Kennarinn sér barninu fyrir efni sem því hentar svo að áhugavekjandi sé. Hann aðlagar námið hverju barni og mætir því þar sem það er statt í þroska.
- ✓ Stöðugt er leitast við að rækta alhliða þroska barnsins. Unnið er jafnhliða að líkams- og hreyfiþroska, tilfinninga- og vitsmunaproska, málþroska, félags- og siðgæðisþroska barnsins.
- ✓ Að fræða barnið og veita því tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér hagkvæm vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til þroska og mennta.
- ✓ Að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd barnsins.
- ✓ Að barnið læri lýðræðisleg vinnubrögð í skólanum. Því er kennt að bera virðingu fyrir sjálfu sér og umhverfi sínu en á jafnframt að finna að tekið sé tillit til óska þess og væntinga.
- ✓ Barnið lærir að virða reglur og er hjálpað að leysa vandamál sem upp kunna að koma í barnahópnum á friðsamlegan máta.
- ✓ Að örva sjálfstæða hugsun barnsins og þjálfar það í ábyrgum vinnubrögðum.
- ✓ Að glæða skilning barnsins á eðli og nauðsyn félagslegra reglna og efla með því tilfinningu fyrir samkennd og að setja sig í spor annarra.

- ✓ Að glæða fróðleiksfýsn barnsins, hjálpa því að skilja og nota hugtök, örva ímyndunarafl þess og gefa því tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt og vinna sjálfstætt og skapandi.
- ✓ Að örva fegurðarskyn barnsins með því að beina athugunum þess að einhverju fagurfræðilegu í námsumhverfi þess og vekja jafnan áhuga barnsins á því.

Leikurinn

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskóla er lögð áhersla á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Börn tjá sig snemma með hreyfingum, þau skynja líkama sinn og finna styrk sinn og getu. Góð hreyfifærni eykur sjálfstraust barnsins og hreyfing bætir heilsu, snerpu og þol. Því teljum við mikilvægt að flétta frjálsan líkamlegan leik saman við námið í 5 ára bekk.

Leikir í skólastarfinu hafa það að markmiði að auka færni barnsins í starfi og leik. Leikir styrkja og örva líkams- og hreyfiþroska barnsins auk þess sem félags- og siðgæðisvitund þess eflist. Leikir geta verið einstaklingsmiðaðir eða hópmiðaðir. Barnið tekur þátt í starfi bekkjarins ýmist í gegnum einstaklings- eða hópmiðuð verkefni og leiki.

Alla daga er leikið úti við, bæði á skipulögðu leiksvæði skólans og á grænu Landakotstúninu. Umhverfi skólans býður upp á marga spennandi og þroskandi útileiki og svæði til að kanna, s.s. gamla kirkjugarðinn við Suðurgötu og Hljómskálagarðinn.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi og tengir hina fjölbreyttu þætti skólastarfsins saman. Þannig verður leikurinn til að samþætta allt starfið.

Viðfangsefnin eru valin út frá áhugasviði nemendanna og eiga þeir val um leiðir að lausnum margvíslegra verkefna. Út frá viðfangsefnum er leikurinn alltaf leiðin og undirstaðan í námi barnanna. VAL - VINNA - ÚRVINNSLA

Samkvæmt Dewey þurfa viðfangsefnin að fela í sér hugsun, vera einhvers virði og standa fyrir eitthvað sem hefur gildi fyrir börnin í lífi þeirra. Verkefnin þurfa að vekja forvitni og áhuga og leiða nemendur inn á ný svið. Að undangengnum umræðum í barnahópnum getur valið á

viðfangsefni t.d. snúist um efnisval, hluti úr nærumhverfinu, barnið sjálf, dýr, jörðina og alheiminn.

Leikurinn getur falist í að horfa - taka eftir - túlka - spjalla - teikna - mála - skrifa - lesa - líma - taka í sundur - setja saman - mæla - telja - skoða - bera saman - finna - leita o.fl.

Úrvinnslan felst í að leika með afraksturinn, segja frá, búa til frásögn, teikna mynd, skrifa, lesa, taka ljósmynd, sýna, sviðsetja leikþátt/þætti, æfa samvinnu og að vinna í hóp.

Kennarinn hlustar, skráir og skapar öruggan ramma sem einkennist af trausti og hlýju.

Í þessu umhverfi gefst barninu tækifæri á að æfa sig í leiknum og læra af reynslu sinni. Samkennd barna þroskast í samvinnuleik og þau öðlast skilning á tilfinningum og sjónarhornum annarra barna. Í frjálsum þykjustuleik fá þau tækifæri til að prófa sig áfram í samskiptum sem þau geta síður upplifað í raunveruleikanum. Þannig öðlast börnin ómeðvitað tækifæri til að sjá lífið út frá öðru sjónarhorni en sínu eigin.

Hópleikur hvetur barnið til að virða skoðanir annarra og efla skilning þess á gildi vináttunnar. Unnið er að því að efla alhliða færni barnsins í gegnum alls slags leiki. Ýmsir hreyfileikir eru æfðir þar sem börnin búa til ákveðnar hreyfingar um leið og þau syngja. Gengið er út frá því að allt nám er barninu eðlislægt og fer því vel á því að samþætta námsgreinar og listgreinar.

Sandleikur

Sandleikur er kennsluaðferð þar sem fengist er við myndgerð í sandkassa. Barnið fær að velja úr safni fjölbreyttra smámuna og raða því í sandkassann. Munirnir gera barninu kleift að setja upp sögusvið.

Markmiðið með aðferðinni er að glæða frjóa hugsun barnsins, stuðla að skapandi tjáningu og reynslu og efla þannig þroska, líðan og sjálfsmynd barnsins.

Sandleikur mætir tilfinningum og innra lífi barnsins og gefur tækifæri til að vinna með og tákngera þau viðfangsefni sem það verður að takast á við til að taka út þroska.

Út frá myndverkinu í sandkassanum er barnið hvatt til að segja sögu sem getur nýst vel til að efla málskilning, máltjáningu og styðja við lestrarnám og ritun.

Frjáls leikur er einnig mikilvægur, þar sem hlutverk fullorðinna er að skapa öruggt og kærleiksríkt umhverfi með sem minnstri íhlutun. Því er lögð áhersla á að börnin fái riflegan tíma til leiks bæði úti og inni á stundatöflu 5 ára bekkjar.

Grunnpættir menntunar

Við gerð námsáætlunarinnar eru grunnpættir menntunar hafðir að leiðarljósi. Grunnpættirnir falla beint að námssviðum leikskóla og fléttast inn í allt skólastarfið, allt frá skipulögðum stundum til frjáls leiks.

Námssviðin byggja á skapandi og gangrýninni hugsun

Námssvið leikskóla eru *læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning*. Námssviðin eru samofin öllu skólastarfi og byggja á skapandi og gagnrýninni hugsun.

Læsi og samskipti

Meginmarkmið íslenskukennslu í 5 ára bekk er að styrkja tilfinningu barnsins fyrir íslenskri tungu, auka skilning þess á tungumálinu og vekja áhuga á þeim möguleikum sem tungumálið býður upp á.

Söngur, sögur og ljóð eru órjúfanlegur hluti af kennslunni og eru notuð til að örva barnið á ýmsan hátt. Barnið er hvatt til að skoða bækur, læra lög og ljóð sem miðla fróðleik og vísdómi. Í þessu umhverfi örvast málþroski barnsins og er það mikilvægur undirbúningur undir lestur.

Málörvun/hlustun/lestur

Megináherslan í íslenskukennslu er að efla málþroska barnsins og auka orðaforða þess. Kennslan miðar að því að gefa nemendum tækifæri til að tjá sig á ýmsan hátt og vinna sjálfstætt og skapandi.

Börnin kynnast hljóðum, bókstöfum, orðum og setningum, rími og vísum í gegnum leik og spuna. Lögð er áhersla á tjáningu og hlustun. Þau hlusta á rím, klappa og slá takt, heyra hrynjandi orðaleiksins og hafa eftir. Börnin læra ljóð og vísur og vinna með þau og syngja mikið. Söngurinn er órjúfanlegur þáttur skólastarfsins.

Hljóð og bókstafir eru kenndir í gegnum Lubbi finnur málbein sem er bók þar sem lögð er áhersla á hljóðin sem stafirnir segja. Í bókinni er saga um hvert hljóð, ljóð um hljóðið og tákn fyrir hljóðið. Þetta vinnum við með yfir vikuna í hinum ýmsu myndum.

Notkun tungumálsins er þjálfuð á fjölbreytilegan og skapandi hátt. Börnin þjálfast í að koma fram og segja skipulega frá verkefnum sínum, hlusta á frásagnir annarra, taka þátt í umræðum og spyrja spurninga um viðfangsefni líðandi stundar. Komið er til móts við tjáningarpörf barnsins og áhugasvið þess með því að skapa styrkjandi aðstæður sem hvetja það til að segja frá því sem vekur áhuga þess. Barnið upplifir að hlustað sé á það og að það sem það hafi fram að færa sé mikilvægt. Á þann hátt styrkir barnið sjálfsvitund sína, finnur að það er hluti af heild og þjálfast í að miðla og taka við.

Franska er kennd í 5 ára bekk og er markmið með þeirri tungumálakennslu að glæða skilning barnsins og auka áhuga þess á erlendu tungumálanámi. Það er gert m.a. í gegnum söng, takt, klapp, rím, leikræna tjáningu, dans og ýmiss konar hreyfileiki.

Markmiðið eftir veturinn er að börnin þekki og geti tileinkað sér einföld orð og orðasambönd í samskiptum og sönglög á frönsku sem þau geta notað í leik við frönsk börn.

Að hausti er lagt fyrir Hljóm-2 próf fyrir alla nemendur 5 ára bekkjar. Þetta er greiningartæki og aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Í samráði og í samvinnu við foreldra er síðan unnið með þeim börnum sem þess þurfa að málörvun með markvissun hætti.

Heilbrigði og vellíðan

Í Landakotsskóla leggjum við ríka áherslu á heilbrigði og vellíðan barnanna. Það er mikilvægt á fyrstu skólastigum að börnin temji sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Foreldrar fá leiðbeiningar í upphafi skólaárs hvað æskilegt sé að börnin komi með í nesti. Skólinn leitast við að hafa fjölbreytta, nærandi og uppbyggilegan mat á matseðlinum. Eftir hádegismat er hvíld og sögustund þar sem börnin njóta kyrrðar og slökunar.

Eins og segir í Aðalnámskrá leikskóla, 2011, eiga börn að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Á leiksvæði skólans fá börnin tækifæri til að leika sér hvort heldur í frjálsum leik eða þeim eru kenndir nýir leikir og æfa sig í að fylgja reglum og fyrirmælum.

Barnið er alltaf í brennidepli og fær að vinna verkefni sem hjálpa þeim að kynnast líkama sínum og tilfinningum. Því er kennt bæði í leik og starfi að bera ábyrgð á hegðun sinni og tilfinningum og tileinka sér jákvæð samskipti og félagsleg tengsl.

Sjálfbærni og vísindi

Aðstæður til útikennslu eru góðar þar sem afgyrtur garður er við skólann svo og fjölbreytt nærumhverfi hans. Þar fá börnin tækifæri til að skoða, kanna og rannsaka það sem fyrir augu ber og vekur áhuga þeirra. Þau æfa sig í að skrá það sem þau sjá og finna, tjá sig um upplifun sína af umhverfinu og ræða saman og spyrja spurninga um forvitnileg fyrirbæri í náttúrunni.

Í náttúrunni er kjörið að hefja þjálfun í ýmiss konar talnavinnu s.s. flokkun, röðun og lýsingu á eiginleikum hluta og umræðu um þá. Leitast er við að tengja verkefnin þessu umhverfi og nota ápreifanlega hluti í náttúrunni. Skráningar fara fram á plasthúðuð spjöld sem henta vel útívið. Rætt er við börnin um mismunandi úrlausnir viðfangsefna og fá þau til að skýra út hvernig þau fengu lausnirnar og eru þá notuð markvisst þau stærðfræðilegu hugtök sem þjálfá á, t.d. færri

en, fleiri en, jafnt og, minna en, stærra en o.s.frv. Einnig er reynt að tengja umræður um stærðfræðileg viðfangsefni við daglegt líf, umhverfi og reynsluheim barnsins.

Í stærðfræði er unnið með talningu og talnaröð, ritun tölustafa, fjöldahugtök og tölustafi, plúsheiti, samlagningu og frádrátt. Stuðst er m.a. við “Tíu fyrstu talnahugtökin” eftir Eirík Ellertsson.

Sköpun og menning

“Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgun hliðum og á eigin forsendum.” (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í íslenskukennslu fá börnin t.d. að vinna með bókstafina á fjölbreyttan hátt þar sem höfðað er til styrkleika barnanna. Þau fá að æfa sig með því að tússa, teikna og móta þá úr ýmsum efnum, s.s. sandi, leir og tré. Auk þess eru notaðir aðrir miðlar t.d. tónlist, taktur, söngur, rím og sögur. Börnin eru hvött til að tengja hljóð bókstafsins við sinn reynsluheim eða semja sögu.

Tónlist er ríkur þáttur í skólastarfi Landakotsskóla. Börnin hefja hvern dag á að syngja auk þess sem samsöngur fer fram á föstudögum í sal skólans. Þar fá nemendur oft að sýna hvað þeir hafa verið að vinna með tónlistarkennara sínum, stíga á stokk og flytja stundum verk eftir sjálfa sig eða aðra og æfa sig í að koma fram.

Markmið með tónlistarkennslu í 5 ára bekk er að barnið fái þjálfun í að tjá sig með söng, hreyfingum og hljóðfærum. Það æfist í að hlusta á tónlist og kynnast ýmsum hljóðfærum.

Mynd- og handmenntakennsla hefur það að markmiði að barnið læri að skoða og tjá sig með myndlist í mismunandi efni og með fjölbreyttri tækni. Barnið öðlast færni í að þjálfra samhæfingu augna og handa auk fínhyfinga. Áhersla er á að barnið taki virkan þátt í tímum og kynnist grunnþáttum myndlistar, t.d. frumformum og frumlitum, skoði verk myndlistarmanna og kynnist þeim í gegnum verk sín. Fjölbreytt verkefni eru lögð fyrir og unnið er með margvíslegan efnivið, þar sem barnið skissar, teiknar, leirar, límir, klippir, þrykkir, málar eða vefur. Unnið er með barnið sjálft og nánasta umhverfi þess. Þannig öðlast barnið aukna sjálfsvitund og sjálfstraust þess

styrkist. Með því að barninu er hjálpað að kynnast sjálfu sér og umhverfinu á jákvæðan hátt, víkkar sjóndeildarhringur þess og veröldin stækkar. Allt námsefni er samið af kennara og stuðst er við myndlistabækur í kennslustofu, auk þess sem farið er út og náttúran og umhverfið skoðað.

Lögð er áhersla á að barnið njóti þess að taka þátt í þessari skapandi vinnu sem einstaklingur eða í hópavinnu. Það er mikilvægt að barnið upplifi þá ánægju og gleði sem á sér stað meðan á ferlinu stendur þegar hugmyndir og ímyndun fæðast.

Lýðræði og mannréttindi

Forsenda lýðræðis er að nemendur geti tjáð sig og beitt samræðu og rökræðu til að komast að niðurstöðu. Skólinn á að vera vettvangur raunverulegra umræðna allra barna í hópnum þar sem ríkir virðing umburðarlyndi. Þannig öllum við upp börnin til virkrar þátttöku í samfélaginu. Í barnahópnum ræðum við um ólíkan uppruna barnanna, ólíkar fjölskyldugerðir, ólíkar skoðanir og að allir eigi jafnan rétt óháð því hvaðan þeir koma, óháð kyni, líkamlegu atgervi, trúarbrögðum og heimilisaðstæðum. Þá kveður á um í Barnasáttmálanum að öll börn eiga réttindi og að lýðræði snýst um samvinnu og réttlæti og að velferð hvers og eins barns skiptir máli og að mannréttindi þeirra allra séu virt.

Markmið

Að börnin eigi jákvæð, viðurkennandi samskipti, sjái sjónarmið annarra, sýni umburðarlyndi og tillitssemi, hjálpi hvert öðru og deili með öðrum.

Beri ábyrgð og meti skólastarfið og taki ákvarðanir sem varða það. Noti lýðræðisleg vinnubrögð og læri að vinna sjálfstætt. Virði verk annarra. Búi við umhverfi sem stuðlar að námi og vellíðan. Kynnist starfi grunnskóla.

Leiðir:

Börnin hafa raunverulegt val um leiksvæði og viðfangsefni og taka sjálfstæða ákvörðun varðandi það.

Taka lýðræðislegar ákvarðanir sem hafa áhrif á leikskólastarfið. Taka þátt í að ákvarða klæðnað sinn fyrir útiveru t.d. með tilliti til veðurs. Ræða og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á leikskólastarfið. Hjálpa sér sjálf á salefni og við andlits- og handþvott. Velja bækur. Samvinna og hópavinna. Söguaðferðin. Nemendur fá val um það hvernig þau útfæra verkefni sín. Bakkjarreglur sem nemendur semja sjálfir. Vettvangsferðir utan skólans. Fá nemendur til að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi (grænánaverkefni, leiksvæði þeirra).

Mat

Getur barnið hlustað á samnemendur sína? Virðir barnið skoðanir annarra nemenda? Matslisti.

Jafnrétti

Jafnrétti til náms er grundvallarmannréttindi án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Markmið:

Að börnin upplifi að stelpur og strákar eigi sama rétt og beri sömu ábyrgð. Kynnist mismunandi þjóðmenningu og temji sér jákvætt viðhorf til ólíks uppruna og sérkenna annarra.

Leiðir:

Að börnin kynnist mismunandi fjölskyldugerðum. Upplifi að stelpur og strákar hafa jafnan aðgang að leikefni og valsvæðum og fái hvatningu til að leika sér með fjölbreyttan efnivið óháð hefðbundnum kynhlutverkum. Hafi jafnan rétt til þátttöku og því að hafa áhrif og stjórna. Heyri að allir litir, t.d. á klæðnaði eru jafnt fyrir strákar og stelpur. Ræði um að allir eiga sama rétt óháð kyni, aldri, trúarbrögðum, getu o.s.frv. Ræði um störf fólks og starfsval óháð kyni. Lesi bækur þar sem kynhlutverk eru óhefðbundin og/eða fjalla um fjölbreytileika mannlífsins. Leitast er við að kynna menningu og bakgrunn ólíkra hópa, nemendur á mismunandi aldri ásamt Alþjóðadeild Landakotsskóla vinni saman í námi og leik. Árlega vinna allir nemendur skólans saman að ákveðnu þemaverkefni.

Jafnréttisáætlun sem skólinn hefur sett sér er aðgengileg á heimasíðu Landakotsskóla. Þar eru sett fram viðmið sem skólinn setur sér í jafnréttismálum og starf 5 ára bekkjar mótast af þeim viðmiðum sem þar standa.

Námsmat

Notast er við heildrænt námsmat sem byggist sem mest á eðlilegu, góðu skólastarfi þar sem barnið fæst við krefjandi og helst sem raunverulegust viðfangsefni, sem eru hæfilega ögrandi fyrir hvern einstakling. Þessi viðfangsefni eiga að reyna á að barnið beiti þekkingu sinni, skilningi, innsæi, hugmyndaflugi og leikni. Áhersla er lögð á virka þátttöku barnsins, sjálfsmat og jafningjamat og að barnið sýni við eðlilegar aðstæður það sem það kann. Símat fer fram allan veturinn. Metin eru vinnubrögð, samskiptahæfni, skapandi vinnubrögð, gagnrýn hugsun, iðni, einbeiting og verkefnavinna.

Börnin setja öll verkefni í þar til gerðar möppur (n.k. portfolio) og binda blöðin saman þegar möppurnar fyllast og búa til bækur og bókarkápur. Kennarinn metur bækurnar og foreldrar fylgjast þannig með námi barna sinna auk þess sem þeir koma til viðtals á foreldradögum tvisvar á vetri.

Könnuð er stafakunnátta og lestur hvers barns með jöfnu millibili. Börnin setja upp leikþætti með aðstoð kennaranna þar sem unnið er úr viðfangsefnum vetrarins, í þessari vinnu samþættast og tvinnast námsgreinarnar saman: íslenska, móðurmál, lestur, erlend tungumál og táknmál, upplýsinga- og tæknimennt, skólaíþróttir, náttúrugreinar, stærðfræði, samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífleikni, siðfræði, jafnréttismál.

Börnin fá tækifæri til að sýna leikni sína í námssviðum leikskólans LÆSI OG SAMSKIPTI, HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN, SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI, SKÖPUN OG MENNING.

Vitnisburðarbók

Umsjónarkennari skrifar umsögn um barnið í vitnisburðarbók þar sem fram kemur hvernig barninu hefur gengið að tileinka sér námið um veturinn. Umsögnin tekur mið af framförum og þroska barnsins eftir veturinn í 5 ára bekk.

Samstarf heimilis og skóla

Landakotsskóli leggur mikla áherslu á gott samstarf milli foreldra og skóla og eru foreldrar ávallt velkomnir í skólann þar sem velferð barnsins er höfð í fyrirrúmi. Það að byrja í nýjum skóla er stórt skref fyrir barn og foreldra þess og því mikilvægt að vel takist til með alla aðlögun. Hér er lagður hornsteinn að öryggi barnsins, samstarfi heimilis og skóla og nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér að hefja skólagöngu á nýjum vettvangi.

Að vori er nýjum nemendum boðið að koma í skólaheimsókn með foreldrum sínum. Markmiðið er að barnið upplifi jákvæða tilfinningu fyrir skólaumhverfinu og þekki til skólans þegar það hefur skólagöngu.

Að hausti eru foreldrar boðaðir á kynningarfund þar sem skólinn og starfsfólk þess er kynnt og farið er yfir skólastarf vetrarins. Foreldrum er síðan boðið að koma með börn sín í einkaviðtal við sinn kennara, þar sem færi gefst á nánari kynnum. Í viðtalinu leggur kennari fyrir barnið verkefni þar sem hann kannar hugtakaskilning, orðaforða og fínhyfingar barnsins. Kennari ræðir auk þess við foreldra um persónuleika barnsins og þarfir svo skólaskiptin gangi sem best fyrir sig.

Í Landakotsskóla er lögð áhersla á hlý og persónuleg samskipti við foreldra og börn. Upplýsingar til foreldra fara fram að mestu í daglegum samskiptum en auk þess er tölvupóstur notaður til að koma skilaboðum áleiðis.

Foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári, eitt í byrjun haustannar og annað í byrjun vorannar. Þar er farið yfir líðan barnsins í skólanum, framfarir og fleira. Viðtalstímar kennara eru eftir samkomulagi.

Fulltrúar í foreldrafélagi skólans eru kosnir í skólabyrjun og gefst þar gott tækifæri til að kynnst skólanum betur.

Landakotsskóli
vetur 2023-2024

Söngstund á sal fer fram einu sinni í viku. Þar er sungið er einu sinni í viku þar sem nemendur koma fram og syngja saman eða kynna atriði úr námi sínu og eru foreldrar og gestir ætíð velkomnir.